

Ársskýrsla Félak

Forvarnir og Félagsmiðstöðvar á Akureyri

haust 2018 - vor 2019



Akureyrarbær
SAMFÉLAGSSVIÐ

Efnisyfirlit

Félag	3
Starfsfólk	3
Unglingastig og forvarnarmál	3
Miðstig	4
Samvinna	4
Stofnanir og deildir	5
Foreldrar/forsjáraðilar	5
Erlend samskipti	5
Samfés	5
Forvarnarstarf Félag	6
Litla- og Stóra forvarnarteymi	6
Forvarnarfræðsla fyrir börn og unglunga	7
Forvarnafræðsla fyrir foreldra	7
Félagsmiðstöðvarstarf Félag	8
Félagsmálafræðival	8
Ungmennaráð	8
Miðstig - opið hús	8
Mat á starfi Félag - miðstig	9
7. bekkur - opið hús	9
Unglingastig – opið hús	9
Mat á starfi Félag - unglingar	9
Viðburðir	10
Haustferð Félag	10
Landsmót Samfés	10
Norðurlandsmót	10
Söngkeppni Félag	10
NorðurOrg	11
Stíll - Lokakeppni	11
Samfestingur	11
#Akureyrierokkar	12
Óvissuferð	12
Hæfileikakeppni barna	12
Danskeppni Félag á miðstigi	12
Körfuboltamót Félag á miðstigi	12
Spurningakeppni Félag miðstigi	13
Jólaopnun Félag miðstigi	13
Fótboltamót Félag á miðstigi	13

Minni viðburðir á unglíngastígi	13
Sértækt starf	13
5. – 6. bekkjar og 7. bekkjar klúbbur	13
Tóti	14
Stelpukúbbur	14
Búi	14
VIP (Very Important People)	15
Skólasmiðja	15
Persónuleg ráðgjöf	17
Hópefli 6. bekkur	17
Lokaorð Félak	18
Aðsóknartölur Félak	19
Viðhengi	20
Samvera foreldra og unglínga hefur minnkað	20
Orkulitlir unglíngar á Akureyri?	22
Hvaðan fær barnið þitt kynfræðslu?	23
#akureyrierokkar	24

Félag

Á Akureyri eru starfræktar fimm félagsmiðstöðvar sem allir grunnskólar sveitarfélagsins hafa aðgang að. Allt starfsfólk Félag þjónustar aldurshópin 10-16 ára og vinnur að sameiginlegum markmiðum sem snúa að því að efla sjálfsmynd og valdeflingu barna og unglinga. Þeir skólar sem eru staðsettir utan Akureyrar fá þjónustu í formi opinna húsa, námskeiða, fræðslu og ráðgjafar. Hríseyjarskóli og Hlíðarskóli fá reglubundna þjónustu en Grímseyjarskóli fær þjónustu þegar tækifæri gefst og eftir aðstæðum.

Börn og unglingar í bænum geta sótt þá félagsmiðstöð sem þau kjósa óháð sínum heimaskóla. Opið er fjögur virk kvöld í viku í félagsmiðstöðvum fyrir unglinga og einnig eru reglulegir viðburðir um helgar. Að auki er fjölbreytt klúbbastarf fyrir alla aldurshópa sem dreifist á alla virka daga. Í öllum grunnskólum er kennd valgrein, félagsmálafræði, fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

Starfsmenn Félag sinna ýmsum verkefnum svo sem skólasmiðju, sértækum klúbbum og viðburðum sem fjallað verður um hér að neðan. Umsjónarmenn félagsmiðstöðvanna starfa sem forvarna- og félagsmálaráðgjafar hjá Akureyrarbæ og sjá því einnig um aðgerðaráætlun forvarna fyrir 0 – 25 ára samhlíða starfinu í félagsmiðstöðvunum.

Starf Félag hefur vakið athygli út fyrir sveitarfélagið og tekur starfsfólkið reglulega á móti starfsfólki annarra félagsmiðstöðva, frístundamiðstöðva og þeirra sem starfa með börnum sem vilja kynna sér þá starfsemi sem hér hefur byggst upp. Hið sama á við um samskipti við sambærilegar stofnanir erlendis sem sækja okkur heim.

Starfsfólk

Alfa Aradóttir, deildarstjóri forvarna- og frístunda á Akureyri. Hún er menntaður Tómsтуда- og félagsmálafræðingur.

Unglingastig og forvarnarmál

Umsjónarmaður Dimmuborga (Giljaskóla) er Arnar Már Bjarnason forvarna- og félagsmálaráðgjafi en hann er með BA próf í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands. Honum til aðstoðar er Sólveig María Árnadóttir, tímastarfsmaður.

Umsjónarmaður Himnaríkis (Glerárskóla) er Dagný Björg Gunnarsdóttir forvarna- og félagsmálaráðgjafi en hún er með BA próf í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands. Henni til aðstoðar er Ingui Þór Sigurðsson, tímastarfsmaður. Dagný fór í barneignarleyfi um miðjan vetur og í fjarveru hennar starfaði Óðinn Svan Óðinsson sem forvarna- og félagsmálaráðgjafi við Glerárskóla. Hann er með BA próf í fjölmiðlafræði.

Umsjónarmaður Stjörnuríkis (Oddeyrarskóla) er Lísbet Grönvaldt Björnsdóttir forvarna- og félagsmálaráðgjafi en hún er með BA próf í félagsvísindum með áherslu á afbrotufræði. Henni til aðstoðar er Baldur Sverrisson, tímastarfsmaður.

Umsjónarmaður Undirheima (Síðuskóla) er Linda Björk Pálsdóttir forvarna- og félagsmálaráðgjafi en hún hefur stundað nám við Tómsтуда- og félagsmálafræði í HÍ. Henni til aðstoðar er Kristján Blær, tímastarfsmaður.

Stefán Haukur Björnsson Waage er tímastarfsmaður í þorpínu og aðstoðar við klúbbastarf.

Umsjónarmenn Tróju eru þrír, einn fyrir hvern skóla á brekkunni:

Anna Guðlaug Gísladóttir er forvarna- og félagsmálaráðgjafi Lundaskóla en hún hefur lokið BA prófi í sálfræði og hefur stundað nám í Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn ungs fólks á meistarastigi við HÍ. Hún var í barneignarleyfi hluta af árinu og í fjarveru hennar starfaði Ester Ósk Árnadóttir sem forvarna- og félagsmálaráðgjafi Lundarskóla en hún er með BA próf í fjölmiðlafræði og MA í alþjóðlegri stjórnun og markaðsfræðum.

Guðmundur Ólafur Gunnarsson er forvarna- og félagsmálaráðgjafi Brekkuskóla er með B.SC. í Umhverfis- og orkufræði og sækir meistaranám í kennsluréttindum við Háskóla Akureyrar.

Vilborg Hjörný Ívarsdóttir er forvarna- og félagsmálaráðgjafi Naustaskóla en hún hefur lokið BA prófi í félagsfræði, MA prófi í Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn ungs fólks og diplóma í kennslufræðum á meistarastigi.

Þeim til aðstoðar eru Daníel Andri Eggertsson, Stefán Fannar Ólafsson og Eva Karen Birgisdóttir og Fríða Kristín Hreiðarsdóttir, tímastarfsfólk.

Miðstig

Ólafía Kristín Guðmundsdóttir (Lóa) er félagsráðgjafi og starfar sem sérfræðingur í félagsmálum barna og hefur umsjón með sértæku hópastarfi fyrir miðstig í þorpínu auk annarra verkefna svo sem fræðslu og persónulegri ráðgjöf.

Arnar Geir Halldórsson starfar sem sérfræðingur í félagsmálum barna en hann hefur lokið BA prófi í fjölmiðlafræði frá Háskólanum á Akureyri og hefur umsjón með sértæku hópastarfi fyrir miðstig í þorpínu og annarra verkefna svo sem fræðslu og persónulegri ráðgjöf.

Alfa Dröfn Jóhannsdóttir er með BA próf í félagsvísindum með áherslu á norðurslóðafræði, lauk MA námi í rannsóknartengdum félagsvísindum og stundar nám í menntunarfræðum við Háskólann á Akureyri. Hún starfar sem sérfræðingur í félagsmálum barna og hefur umsjón með sértæku hópastarfi fyrir miðstig í Tróju auk annarra verkefna, svo sem fræðslu og persónulegri ráðgjöf.

Óðinn Svan Óðinsson starfaði hluta af árinu sem frístundaleiðbeinandi á miðstigi og aðstoðaði einnig við opnanir 8.-10. bekkjar í Tróju ásamt sértækum klúbbum, fræðslu og almennum verkefnum. Hann er með BA próf í fjölmiðlafræði.

Samvinna

Starfsfólk Félak leggur mikið upp úr góðum samskiptum við aðrar stofnanir og deildir Akureyrarbæjar sem koma að málefnum barna og unglinga með það að markmiði að nýta sem best þá krafta sem í boði eru og mynda tengingar á milli stofnanna sem þurfa að eiga í samstarfi vegna barna og unglinga í þeirra sveitarfélagi.

Stofnanir og deildir

Samskipti við starfsfólk skólanna eru mikilvægur þáttur í starfinu og funda umsjónarmenn félagsmiðstöðvanna reglulega með námsráðgjöfum, deildarstjórum og/eða skólastjórum skólanna. Með árunum hefur samvinnan aukist og dafnað sem hefur aukið velferð barna og unglinga í sveitarfélaginu. Samvinna við fjölskyldudeild og barnavernd hefur á undanförunum árum aukist jafnt og þétt og er úrræðið Skólasmíðja meðal annars afrakstur þeirrar samvinnu.

Foreldrar/forsjáraðilar

Mikilvægur þáttur í starfi Félak er að eiga góð samskipti við foreldra/forsjáraðila þeirra barna og unglinga sem þeir sinna. Félagsmiðstöðvarnar senda reglulega út fréttabréf þar sem fjallað er um viðburði sem hafa verið eða eru framundan. Fréttabréf eru send út bæði fyrir miðstig og unglingastig og fylgja dagskrár hvors stigs fyrir sig með. Upplýsingum er einnig komið á framfæri í gegnum Mentor og/eða Námfús kerfin þar sem foreldrar fá meðal annars upplýsingar um forvarnarfræðslur sem nemendur fá ásamt þeirri fræðslu sem foreldrum stendur til boða. Auk þess hafa allar félagsmiðstöðvarnar síður á Facebook þar sem foreldrum er velkomið að fylgjast með en einnig eru almennar upplýsingar um hverja félagsmiðstöð á heimasíðu hvers grunnskóla fyrir sig.

Ýmis vinna á vegum Félak svo sem hópavinna og klúbbar krefjast meiri samvinnu við foreldra en önnur. Hún fram í gegnum síma, með fundum eða reglulegum tölvupóst samskiptum. Áður en haldið er af stað á stærri viðburði á vegum Félak eru haldnir foreldrafundir þar sem foreldrar eru upplýstir um dagskrá viðburðarins. Fyrir alla viðburði sem eru annað hvort út úr bænum eða yfir nótt eru send út leyfisbréf sem foreldrar þurfa að skrifa undir. Það er stefnt að því að hafa leyfisbréf rafræn fyrir næsta vetur.

Erlend samskipti

Félak tekur þátt í erlendu samstarfi sem er mikilvægt fyrir starfsfólk en ekki síður fyrir ungmennin sem fá tækifæri til að kynnast jafnöldrum erlendis og víkka sjóndeildarhringinn.

Akureyrarbær tekur þátt í árlega vinabæjarmótinu NOVU sem haldið er til skiptis í norrænu vinabæjunum Ålesund í Noregi, Lahti í Finnlandi, Randers í Danmörku, Västerås í Svíþjóð og Akureyri. Alls taka um 80 ungmenni á aldrinum 16 – 20 ára þátt í vinabæjarmótinu, auk þess sem stjórn mála- og embættismenn heimsækja bæinn. Starfsmaður Félak tekur þátt í undirbúningi í samstarfi við Akureyrarstofu og fylgir ungmennunum á mótið. Að þessu sinni var mótið haldið í Ålesund í Noregi.

Samfés

Félagsmiðstöðvarnar á Akureyri eru aðilar að Samfés, samtökum félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi og taka virkan þátt í starfsemi samtakanna. Markmið Samfés er meðal annars að auka samskipti og samvinnu félagsmiðstöðva á landinu, efna til verkefna jafnt sem á innlendum eða erlendum vettvangi ásamt því að koma á framfæri upplýsingum

um starf félagsmiðstöðva og undirstrika vægi þeirra í nútíma samfélagi. Einnig er markmið samtakanna að hafa áhrif á umræðu, hugmyndir og löggjöf um æskulýðsmál á Íslandi. Samfés leggur að sama skapi áherslu á að stuðla að eflingu fagmenntunar starfsfólks á frístundasviði með ráðstefnum og námskeiðum.

Linda Björk er erlendur tengiliður samtakanna.

Forvarnarstarf Félak

Í öllu starfi Félak eru forvarnir lykilatriði starfsins sama hvort það er í leikjaformi eða með beinni fræðslu. Forvarnarstarf hefur sannað gildi sitt í að draga úr áhættu hegðun barna og annars konar óæskilegri hegðun. Umsjónarmenn félagsmiðstöðvanna eru jafnframt forvarna- og félagsmálaráðgjafar og sinna þeim forvörnum sem fara inn í grunnskólana og eykur það samstarf Félak við skólana. Það auðveldar einnig á margan hátt skipulag og annað starf. Forvarna- og félagsmálaráðgjafar funda vikulega um áætlanagerð, fræðslu og íhlutun forvarna. Akureyrarbær ákvað að kaupa niðurstöður Rannsóknar- og greiningar og þær niðurstöður hafa þegar haft áhrif á starfið. Niðurstöðurnar gáfu t.d. skýra mynd af neyslu orkudrykkja hjá unglingum á Akureyri sem er ívið meiri en annars staðar á landinu. Í tilefni að því var skrifuð grein um efnið og má sjá hana auk annarra greina sem skrifaðar voru af forvarna- og félagsmálaráðgjöfum í viðhengi. Einnig voru niðurstöður kynntar fyrir skólum, á málþingi, í viðtölum og fleira.

Í vetur var Félak hluti af verkefninu Sterkari starfsmenn á vegum Símeysjar og fékk allt starfsfólk grunnskóla Akureyrarbæjar, aðrir en kennarar, viðamikla kynningu á þeirri starfsemi sem fram fer í Rósenborg, á miðstigi, unglingastigi og í Ungmennahúsinu. Einnig var kynning á barnvænu sveitarfélagi og nýjum áherslum sem koma til með tilkomu þeirrar ákvörðunar bæjarins að vera fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að fullu.

Litla- og Stóra forvarnarteymi

Til að hafa yfirsýn yfir forvarnastarfið sem er unnið á Akureyri í málefnum barna og unglunga hafa verið mynduð teymi sem funda reglulega til að samstillja aðkomu ólíkra stofnanna bæjarins í forvarnarmálum. Teymin eru tvö, annars vegar Stóra teymið og hins vega Litla teymið. Stóra teymið er skipað 23 einstaklingum sem koma að málefnum barna og unglunga á einn eða annan hátt í sveitarfélaginu. Stefnt er að halda fundi innan teymisins einu sinni að hausti og einu sinni að vori. Litla teymið er aðgerðamiðað og í því sitja 12 einstaklingar sem flestir sitja einnig í Stóra teyminu. Í vetur hefur málum ekki verið vísað til teymisins en þegar þörf er á fundar teymið 3-4 sinnum á önn. Tveir forvarna- og félagsmálaráðgjafar eru í teymunum og eru þeir tengiliðir við alla aðila, boða til funda með hvoru teymi fyrir sig ásamt því að halda utan um dagskrá, stýra fundum og sjá til þess að fundargerðir séu haldnar.

Veturinn 2018-2019 fundaði stóra teymið aðeins einu sinni, í lok maí og var á þeim fundi ákveðið að breyta fyrirkomulagi fundanna og gera þá hnitmiðaðri. Niðurstæða fundanna var að börn og unglingar í bænum eru heilt yfir í ágætis málum. Helsta áhyggjuefni frá fjölskyldudeild er neysla ungra foreldra en einnig var mikið rætt um skólaforðun í

grunnskólum. Forvarnafulltrúi Vma lýsti yfir áhyggjum af ungmennum á framhaldsskólaaldri bæði hvað varðar andlega heilsu og neyslu.

Forvarnarfræðsla fyrir börn og unglunga

Markvisst er unnið að samræmdri fræðslu fyrir börn og unglunga í grunnskólum bæjarins, fræðsla vetrarins var Krakkarnir í hverfinu (2. bekkur) sem er ætlað að auðvelda börnum að segja frá kynferðislegu ofbeldi sem þau verða fyrir. Leyndarmálið (3. bekkur) forvarnarfræðsla um kynferðislega misnotkun gegn börnum í formi teiknimyndar, Netið og ég (5. bekkur) fjallað er um hvernig sjálfsmynd fólks speglast í samskiptamiðlum og svo í raunheimum. Ég, þú og við (6. bekkur) fyrirlestur um þær breytingar sem fylgja því að verða unglingur, bæði líkamlegar og andlegar. Hinsegin fræðsla (7. bekkur) fræðsla um mismunandi fjölskyldumynstur, mismunandi kynhegðun fólks.

Vís (8. bekkur) starfsmenn Vís koma með fræðslu um hjálmanotkun, rafvespur og umferðina. Einnig er farið yfir höggþunga eftir hraða og öryggi almennt. Kynfræðsla (8. bekkur) Sigga Dögg kynfræðingur talar hispurslaust um kynlíf og kynferðisleg málefni. Nethegðun (8. bekkur) eðlileg og óheilbrigð samskipti á netinu. Vímuefnafræðsla (8. bekkur) farið er yfir hvað fíkn er. Geðheilbrigði (9. bekkur) geðfræðsla Grófarinnar. Vímuefnafræðsla (9. bekkur) Hildur H Pálsdóttir ræðir um vímuefni og dóttur sína sem lést af völdum neyslu 15 ára að aldri.

Þorgrímur Þráinsson (10. bekkur) Þorgrímur fer inn á markmiðasetningu fyrir ungt fólk. Vímuefnafræðsla (10. bekkur) Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, geðlæknir ræddi við nemendur um áhrif og afleiðingar vímuefnaneyslu með áherslu á kannabis og lyfseðilsskyld lyf. Eining-löja (10. bekkur) starfsfólk Einingu-löju fer yfir mikilvægar upplýsingar fyrir ungt fólk á vinnumarkaði. Hver eru réttindi þeirra, hvernig virkar skattkortid og launaseðill og fleiri upplýsingar er tengjast því að fara á atvinnumarkaðinn í fyrsta sinn. Vímuefnafræðsla (10. bekkur) fræðsla í formi leiks þar sem komið er inn á mismunandi vímuþjafa og skaðsemi þeirra. Tilfinningar - strákar (10. bekkur) fjallar um líðan og velferð, svefn, kvíða, þunglyndi og leiðir til að takast á við erfiðar tilfinningar.

Í vetur var einnig sérstakt átak á vegum Samfés og Stígamóta og fengu allir unglingar sem fóru á viðburðinn fræðslu um mörk, virðingu og samþykki. Fræðslan var undir formerkjum Sjúkrar ástar.

Forvarnafræðsla fyrir foreldra

Framboð forvarnafræðslu fyrir foreldra var með besta móti í ár. Stærsti forvarnarviðburður ársins var Málþing sem haldið var í Hofi 23. janúar undir yfirskriftinni, Unga fólkid okkar - hvar við stöndum og hvert við erum að stefna. Í mars var fræðsla um svefn-, skjánotkun og nethegðun, Guðjón Hauksson, kennari í MA hélt erindi um skjánotkun og nethegðun, Regína sálfræðingur talaði um mikilvægi svefnis. Sigga Dögg kynfræðingur var með kynfræðslu fyrir foreldra í lok janúar og ræddi opinskátt við foreldra um kynlíf unglunga. Forvörn gegn fíkniefnum Hildur H Pálsdóttir var með fræðslu sem foreldri barns í neyslu í apríl og í mars var fræðsla fyrir foreldra þeirra barna sem fóru á Samfesting og var sérstök umræða um mörk, samþykki og kynferðislega áreitni.

Félagsmiðstöðvastarf Félak

Daglegt starf felur í sér almennan undirbúning fyrir allt starf Félak. Þar með talin opin hús, sértækt starf og klúbba. Starfsfólk Félak fundar vikulega um starfið almennt og skipuleggur viðburði og starfið í heild í sameiningu.

Umsjónarmenn félagsmiðstöðvanna eru auk þess með viðveru í sínum skólum einu sinni í viku. Á þeim tíma fundar umsjónarmaður með námsráðgjafa og öðrum starfsmönnum, eftir því hvað við á og ræðir við börn og unglinga í frímínútum til að auka tenginguna við þau og hvetja til mætingar í félagsmiðstöðina og á viðburði. Það kemur reglulega fyrir að unglingar leiti til umsjónarmanns á meðan viðveru stendur.

Félagsmálafræðival

Í hverjum skóla á Akureyri er boðið upp á valgrein sem heitir félagsmálafræði fyrir nemendur í 9. – 10. bekk. Fjöldi nemenda í valgreininni er um 10 – 25 í hverjum skóla. Meðal verkefna vetrarins eru fræðsla um mannréttindi og virðingu, ræðuhöld, hópefli, sjálfstyrkingu ásamt skipulagningu félagsmiðstöðvar viðkomandi skóla og viðburðarstjórnun.

Ungmennaráð

Í Ungmennaráði eru 11 ungmenni sem hafa m.a. það hlutverk að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks á Akureyri. Þannig gefst ungmennum bæjarins tækifæri til að láta rödd sína heyrast á grundvelli æskulýðslaga nr. 70/2007. Tilgangur ungmennaráðs á Akureyri er annars vegar að veita ungmennum fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og hins vegar að skapa vettvang og leiðir til þess að gera ungmennum kleift að koma hugmyndum og skoðunum sínum á framfæri m.a. við kjörna fulltrúa sveitarfélagsins.

Ungmennaráð fundar einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Starfsfólk Félak, Linda Björk og Arnar Már sitja fundina með ungmennunum, aðstoða ungmennin við að koma málum í farveg og styðja við þau í sínum störfum. Ungmennaráð tekur til umfjöllunar málefni sveitarfélagsins hverju sinni og þau málefni sem brenna á unga fólkinu. Haustið 2016 skrifuðu Akureyrarbær og UNICEF á Íslandi undir samstarfsyfirlýsingu þess efnis að Akureyrarbær verði fyrsta barnvæna sveitarfélagið hér á landi. Ungmennaráðið tekur virkan þátt í því verkefni en innleiðingarferlið tekur um tvö ár og vegnar verkefninu vel. Ljóst er að álag hefur aukist á ungmennaráðsfulltrúa og þarf að hafa það í huga þegar unnið verður að ramma fyrir ungmennaráð í framtíðinni. Ráðið á fulltrúa í ungmennaráði Menntamálastofnunar Íslands, skólaráði Akureyrar og Frístundaráði Akureyrar. Með nýju starfi verkefnastjóra Barnvæns sveitarfélags sem Alfa D. Jóhannsdóttir sinnir hefur verið ákveðið að hún vinni með ungmennaráði framvegis.

Miðstig - opið hús

Miðstigsopnanir eru fyrir börn í 5. – 7. bekk. Þær eru í eina og hálf klukkustund í senn í hverri félagsmiðstöð. Það er misjafnt eftir félagsmiðstöð hve oft í mánuði slíkar opnanir eru, en að minnsta kosti tvisvar og mest fjórum sinnum. Í skólunum fjórum í Þorpinu var boðið

upp á opið hús í annarri hverri viku en Trója var opin í hverri viku. Mæting á opið hús í vetur var misjöfn eftir skólum eins og gengur. Starfið er með þeim hætti að starfsmenn Félak skipuleggja dagskrá fyrir öll opin hús vetrarins en krakkarnir hafa val um að fylgja dagskránni eða einfaldlega njóta þess sem félagsmiðstöðin hefur að geyma; spila borðtennis, hlusta á tónlist o.s.frv. undir eftirliti og leiðsögn starfsmanna. Börnin sjálf geta komið með hugmyndir að dagskrá á opnum húsum sem hefur virkað sem góður hvati til mætingar.

Mat á starfi Félak - miðstig

Í lok skólaárs var lögð könnun fyrir alla nemendur á miðstigi og fengum við alls 650 svör. Þar kom í ljós að tæplega 50% barna á miðstigi í grunnskólum Akureyrar mættu einhvern tímann á opið hús á skólaárinu. 30% svöruðu því að skemmtilegast væri á opnum húsum þegar skipulagðir leikir væru á dagskrá en 29% þótti skemmtilegast að hanga og spjalla á opnum húsum. Aðeins voru 9% á því að skemmtilegast væri að vera í tölvunni. Verða niðurstöður könnunarinnar hafðar til hliðsjónar þegar kemur að því að skipuleggja opna starfið næsta vetur.

7. bekkur - opið hús

Til að koma til móts við nemendur í 7. bekk grunnskólanna var ákveðið að hafa sérstaka opnun fyrir þau í Tróju. Sama var gert í Þorpinu frá og með vorönn 2018. Ástæðan er sú að þau eru á ákveðnum tímamótum í sinni skólagöngu, eru elst í miðstiginu en ekki enn gjaldgeng á unglingsstigið. Mæting var með misjöfnu móti á haustönn 2018 og var börnum í 7. bekk boðið að mæta á opin hús með 8. bekk eftir áramót.

Mæting 7. bekkjar barna hefur ekki verið eftir væntingum og er það mat starfsmanna að gera þurfi breytingar á starfinu fyrir 7. bekk. Er því stefnt á að endurskipuleggja 7. bekkjar starfið fyrir næsta vetur og er undirbúningur fyrir þá vinnu þegar hafinn.

Unglingastig – opið hús

Opið hús fyrir unglingsstig er í tvær klukkustundir í einu og geta unglingar sótt það fjögur kvöld vikunnar í mismunandi félagsmiðstöðvum. Opnu húsin eru að miklu leyti í höndum nemenda í félagsmálafræði vali ásamt umsjónarmanni hvers félagsmiðstöðvar. Dagskrár félagsmiðstöðvanna eru ákveðnar af unglingsunum í valinu og þau aðstoða við framkvæmd og frágang viðburða.

Í félagsmiðstöðvunum eru þemaklúbbar en hugmyndin er að í hverjum mánuði komi nýtt þema í tengslum við þá viðburði sem eru framundan hjá Félak. Til dæmis var septembermánuður var helgaður 8. bekknum til að bjóða þau sérstaklega velkomin á opnanir og kynna starfið enn betur fyrir þeim. Markmið klúbbanna er að efla sjálfsmynd unglingsanna og auka tólmstundarmeðvitund þeirra. Eftir áramót var ákveðið að halda almenn opin hús í stað þemaklúbba þar sem áhugi hafði dvínað. Trója var þó með ákveðin opin hús fyrir 8. bekk á þriðjudagskvöldum út veturinn.

Mat á starfi Félak - unglingar

Mat á unglingsstarfinu fór fram á starfamesse sem haldin var í Háskólanum á Akureyri fyrir nemendur í 9. og 10. bekk skólanna á Akureyri og nærsveitum. Alls fengust 213 svör frá

unglingum og sögðust 50% þeirra að þau færu oft í viku eða vikulega á opin hús en 19% aldrei. Þau segjast helst fara á opin hús til að hitta vini, spjalla og taka þátt í viðburðum. Alls sögðust 60 unglingar ekki mæta á opin hús þó þá langaði til þess og voru helstu ástæðurnar þær að þau væru feimin, á íþróttæfingum, væru þreytt eða hefðu engan til að fara með á opið hús. Þá töldu 80% þeirra sem tóku þátt í könnuninni líklegt að þau myndu leita til starfsmanns félagsmiðstöðvar ef þau lentu í einhverskonar vanda.

Viðburðir

Viðburðastjórnun er ríkur þáttur í starfi starfsfólks Félak. Yfir veturinn er að meðaltali einn slíkur viðburður í mánuði og þá er að mörgu að huga. Þegar ferðast er utan bæjarins þurfa unglिंगarnir að koma með leyfisbréf að heiman, gera þarf ráðstafanir um ferðakostnað, mat og gistingu. Leitast er eftir að ferðirnar hafi sem minnst áhrif á fjárhag heimilanna og bjóða umsjónarmenn félagsmiðstöðvanna unglिंगunum oftast en ekki uppá fjáröflun til að standa straum af kostnaði og fyrir þá sem ekki hafa nýtt frístundastyrk bæjarins stendur til boða að nýta hann á kostnaðarsamari viðburði okkar.

Haustferð Félak

Að þessu sinni var farið í hópeflisferð til Svalbarðseyrar þann 26. september 2018 til þess að hefja starfsveturinn með stæl. Um 180 ungmenni úr 8-10 bekk í grunnskólum Akureyrar tóku þátt ásamt ungmönnum frá Svalbarðseyri. Boðið var upp á pizzuveislu og krökkunum var skipt í lið og tóku þau þátt í ýmsum þrautum og leikjum. Undir lok kvölds voru tveir fulltrúar kosnir til framboðs í Ungmennaráð Samfés eftir framboðsræður frambjóðenda. Þeir fulltrúar buðu sig svo formlega fram á Landsmóti Samfés.

Landsmót Samfés

Landsmót Samfés var að þessu sinni haldið á Selfossi helgina 5. – 7. október. Þátttakendur voru um 400 unglingar, þar af 38 frá Akureyri. Markmið landsmótsins er að unglingar hafi vettvang til að mynda tengsl og fá nýjar hugmyndir sem hægt er að nýta í starfi sinna félagsmiðstöðva. Á Landsmótinu var boðið upp á 12 umræðusmiðjur og 12 afþreyingarsmiðjur.

Norðurlandsmót

Norðurlandsmótið var haldið 23.-24. nóvember síðastliðinn á Húsavík í samvinnu við félagsmiðstöðvarnar á Húsavík og Dalvík. Öllum nemendum í 8. bekk á Akureyri, Húsavík og Dalvík stóð til boða að taka þátt og samtals voru það um 70 krakkar sem tóku þátt. Markmið Norðurlandsmótsins er að skapa vettvang fyrir þennan aldurshóp í sambærilegu sniði og Landsmót Samfés.

Söngkeppni Félak

Söngkeppni Félak fór fram í Naustaskóla 6. desember. Í heildina voru ekki nema 5 atriði sem tóku þátt og komust 3 atriði áfram á NorðurOrg, söngkeppni Norðurlands. Viðburðurinn gekk vel þrátt fyrir dræma þátttöku og mættu um 60 áhorfendur. Við munum endurskoða

tímasetninguna að ári. Utanaðkomandi dómara voru fengnir til aðstoðar, þeir voru: Fríða Kristín Hreiðarsdóttir, Sindri Snær Konráðsson og Fanney Kristjáns Snjólaugardóttir.

NorðurOrg

Söngkeppni félagsmiðstöðvanna á norðurlandi var haldin að þessu sinni á Ólafsfirði 25. janúar. Alls fóru 138 unglingar úr 8.-10. bekk frá Akureyri ásamt 11 starfsmönnum og þar af voru þrjú atriði á vegum unglinga frá félagsmiðstöðvum bæjarins. Keppendur okkar stóðu sig með þrýði og komst eitt atriði áfram í lokakeppnina sem fram fór í Laugardalshöll í mars. Farið var á þremur rútum frá HBA og gekk ferðin mjög vel og voru unglingarnir félagsmiðstöðvunum til sóma.

Dans og Stíll Akureyri

Dans og Stíll Akureyri er undankeppni fyrir Stíll hönnunarkeppni Samfés og danskeppni Samfés. Keppnin fór fram 23. janúar í Síðuskóla og var þemað í ár 90'. Keppnin fór vel fram. Alls tóku 4 lið þátt. Liðin voru ýmist skipuð af 3 til 4 þátttakendum. Eins og fyrri ár voru þátttakendur dæmdir út frá þremur liðum; búningum, hárgreiðslu og förðun. Einnig áttu keppendur að skila inn möppu, þar sem þeir gerðu greinaskil á hönnun sinni, innblæstri og fleiru. Fengnir voru utanaðkomandi dómara og í dómnefnd voru Helga Bergún, starfsmaður Ungmennahússins, Stefanía Tara, förðunarfræðingur og Skarphéðinn, hárgreiðslumaður. Lið Tróju vann keppnina og tók þátt í Stíll. Alls tóku þrjú lið þátt.

Í danskeppninni sem haldin var í Undirheimum tóku þátt þrjú lið og einn einstaklingur. Sigurvergin kom úr Undirheimum og keppti fyrir hönd Akureyrar í Danskeppni Samfés.

Stíll - Lokakeppni

Stíll er árleg hönnunarkeppni Samfés þar sem keppt er í hárgreiðslu, förðun og fatahönnun út frá ákveðnu þema. Þemað í ár var 90' og var lokakeppnin haldin í Digranesi, Kópavogi. Þann 2. febrúar 2019. Markmið keppinnar er að hvetja listsköpunar og um leið gefa þeim aukin tækifæri til frumlegrar hugsunar og sköpunarhæfileika. Fulltrúar Akureyrar í keppninni stóðu sig með þrýði og fór umsjónarmaður Félak, Linda Björk Pálsdóttir með keppendur á mótið.

Samfestingur

FÉLAK fór í sína árlegu menningarferð til Reykjavíkur helgina 23-25 mars sem er tengd við Samfesting, hátíð Samfés. Á föstudeginum er haldið ball og á laugardeginum er haldin Söngkeppni Samfés. Ungmennaráð Samfés sem er skipað 18 lýðræðislega kjörnum fulltrúum meðal unglinganna kemur að miklu leyti að skipulagningu hátíðarinnar.

Alls fóru um 118 unglingar úr 9. og 10. bekk frá Akureyri. Með þeim voru 8 starfsmenn. Kostnaður í ferðina var 25.000 kr og innifalið í því voru allar máltíðir, gisting, ball, söngkeppni, leikhús, rútuferðir og peysa merkt Félak.

Gist var í Garðaskóla. Ballið gekk vel að venju sem og Söngkeppnin en lið Akureyrar stóð sig með þrýði. Að Söngkeppninni lokinni var farið í Kringluna. Um kvöldið var farið í leikhúsferð í Gaflaraleikhúsið að sjá Fyrsta skiptið. Um hádegi á sunnudegi var haldið af stað heim eftir vel heppnaða ferð.

#Akureyrierokkar

Akureyri er okkar er yfirskrift verkefnis sem var styrkt af Evrópu unga fólksins í tilefni af Evrópskri ungmennaviku. Haldinn var viðburður þar sem ungmennaráð Akureyrar var kynnt fyrir unglingum og Hilda Jana Gísladóttir bæjarfulltrúi sat fyrir svörum og sagði frá störfum bæjarstjórnar. Miklar umræður sköpuðust. Úrvinnsla verkefnisins var að leyfa röddum barna að njóta sín, þeirra hugmyndir að betri bæ voru í forgrunni og fengu þau að sitja fyrir á myndum þar sem þeirra áherslur komu fram. Myndirnar verða hengdar upp í skólum bæjarins haustið 2019 en einnig á fjölmönnum almenningsstöðum, s.s. á Amtsbókasafninu, í félagsheimilum KA og Þórs, á Glerártogi og víðar. Alls mættu 49 unglingar á viðburðinn sem var haldinn í fyrsta sinn. Sjá má myndir í viðhengi.

Óvissuferð

Þann 15. maí var tekið á móti 82 krökkum af 16 starfsmönnum í Rósenborg þar sem boðið var uppá písur frá dominos og gosdrykki áður en svo var safnast saman í rútur fyrir framan íþróttahöllina. Þá var haldið norður til Árskógstrandar þar sem teknir voru bátar til Hríseyjar. Í Hrísey var opin dagskrá þar sem táníngarnir gátu farið í skipulagða leiki, sund og sjósund. Undir lok var síðan grillað pylsur og dreift svölum og prins póló. Farið var með bátum aftur í land uppúr 21:00 og var heimkoma með rútum í hvern skóla fyrir sig um klukkan 22:30.

Hæfileikakeppni barna

Barnameningahátíð Akureyrar var haldin 9.-14. apríl. Framlag Félak til hátíðarinnar var hæfileika keppni barna sem var haldin í hofi 10. apríl. Sótt var um 200.000 kr styrk úr barnameningasjóði og var það undirstaðan að því að hægt var að halda keppnina. Öllum börnum var boðin þátttaka. Alls voru 18 atriði í keppninni, hópar og einstaklingar. Atriðin voru meðal annars dans, uppistand, töfrásýning, brandarahorn, tónlist og söngur. Keppnin var einstaklega vel heppnuð og mun vera árlegur viðburður héðan í frá.

Danskeppni Félak á miðstigi

Ein helsta viðbótin við miðstigsstarfið á undanförunum árum eru stærri viðburðir þar sem markmiðið er að krakkar úr öllum skólum Akureyrar komi saman og skemmti sér í skipulögðu starfi. Í vetur var fyrsti stóri viðburðurinn danskeppni sem fram fór í Undirheimum, félagsmiðstöð Síðuskóla, í október og mættu vel á annað hundrað manns á keppnina en alls voru 19 dansatriði í keppninni en hún var haldin fyrir krakka í 5.-7.bekk. Þetta er í annað sinn sem keppnin er haldin en um er að ræða árlega keppni.

Körfuboltamót Félak á miðstigi

Í nóvember var haldið körfuboltamót í íþróttahúsi Naustaskóla þar sem 74 mættu og heppnaðist mótið vel. 7.bekkur keppti innbyrðis á meðan 5. og 6.bekkur var saman í keppni. Sigurvegarar í hvorum flokki fyrir sig fengu verðlaun.

Spurningakeppni Félak miðstigi

Í febrúar mættu 23 krakkar á spurningakeppni FÉLAK sem fram fór á sal Lundarskóla. Hefur mætingin á spurningakeppnina verið undir væntingum undanfarin ár og hefur verið tekin ákvörðun um að breyta spurningakeppninni með það að markmiði að gera hana veglegri og þar með fá betri mætingu. Verður farið af stað með það næsta haust.

Jólaopnun Félak miðstigi

Fyrir jólin 2017 var í fyrsta sinn haldin sérstök jólaopnun fyrir miðstig í Rósenborg þar sem krakkar úr öllum skólum bæjarins er boðið að mæta og ljúka saman félagsmiðstöðva starfinu á haustönn. Jólaopnunin var haldin hátíðleg öðru sinni í ár þar sem horft var á jólamynd, piparkökur málaðar undir jólatónlist auk þess sem krakkarnir gátu notið þess sem félagsmiðstöðin hefur upp á að bjóða í hverri viku.

Fótboltamót Félak á miðstigi

Í mars var svo komið að fyrsta fótboltamóti annarinnar og mættu 60 manns á fótboltamót sem eingöngu var ætlað 7.bekk og fór það mót fram í íþróttahúsi Naustaskóla. Í maí var svo komið að fótboltamóti 5.bekkar á sparkvellingum í Brekkuskóla og þangað mættu 65 manns. Ekkert varð af fótboltamóti 6.bekkar vegna dræmrar þátttöku.

Ljóst er á mætingatölum stærri viðburða að þegar keppt er í einhverju íþróttatengdu er mætingin með besta móti og verður það haft til hliðsjónar þegar starfið næsta vetur verður skipulagt. Í því ljósi er mikilvægt að FÉLAK hafi reglulegan aðgang að íþróttamannvirkjum bæjarins og hefur verið óskað eftir því.

Minni viðburðir á unglíngastigi

Halloween, Fótboltamót, Körfuboltamót, spurningakeppni, Hreystimót, Jólakvöld Sæmundar.

Sértækt starf

Félak heldur úti yfirgripsmiklu starfi fyrir utan beint forvarnarstarf og hinar hefðbundnu opnanir félagsmiðstöðva. Þar á meðal er hópastarf, klúbbur og skólasmiðja. Mikill hluti þessa starfs er nýr af nálinni. Það er tilkomið vegna þarfa og beiðna frá skólum og samfélaginu í heild.

5. – 6. bekkjar og 7. bekkjar klúbbur

Markmið klúbbanna er að veita börnum félagslegan stuðning ásamt sjálfsstyrkingu og tólmundakynningu með áherslu á þátttöku og virkni. Umsjón með klúbbunum hafa Alfa Dröfn Jóhannsdóttir, Arnar Geir Halldórsson og Ólafía K. Guðmundsdóttir (Lóa).

Klúbbarnir eru auglýstir í hverjum skóla fyrir sig. Foreldrar geta skráð börn sín en þau geta einnig skráð sig sjálf hjá námsráðgjafa. Eftir skráningu er síðan haft samband við

foreldra til að staðfesta skráningu og fá leyfi fyrir þátttöku. Dagskrárgerð klúbbanna er unnin í samvinnu við börnin. Hver klúbbur er 6 skipti og þar af fá börnin sjálf að velja þrjú skipti en fyrsti tími fer í hópefli og dagskrárgerð og svo eru tveir tímar nýttir í samvinnu- og samskiptaverkefni.

Klúbbarnir voru átta í þorpinu í haust, fjórir í 5. og 6. bekk og fjórir í 7. bekk, og að meðaltali 12-18 þátttakendur í hverjum klúbbi. Hver klúbbur hittist einu sinni í viku og var aðsókn í hópana góð í öllum skólum. Eftir áramót var aðsókn enn mjög góð í Þorpinu að undanskildum einum bekk og voru klúbbarnir því sjö talsins, fjórir í 5. og 6. bekk en þrír í 7. bekk. Í Tróju voru fimm klúbbar bæði fyrir áramót og eftir og aðsóknin með miklum ágætum.

Tóti

Síðastliðin ár hafa félagsmiðstöðvar Akureyrar haldið úti strákahóp sem nefnist Tóti. Upprunalega var hópurinn stofnaður með það í huga að virkja drengi með uppbyggilegum tómstundum og áherslu á tómstundavitund og er það enn þannig. Allir meðlimir hópsins eiga það sameiginlegt að eyða miklum tíma fyrir fram skjá (síma, tölvu og sjónvarp) og eru óvirkir utan skóla. Markmiðið er að minnka leiða, efla sjálfsmynd, auka virkni í frítímanum og bæta samskipti við jafnaldra sína. Með aukinni áherslu á rafíþróttastarf félagsmiðstöðvanna hefur hópurinn verið einskonar tilraunahópur þar sem strákahópurinn skipulagði rafíþróttaviðburð og gistikvöld. Ásamt því sækir hópurinn hinar ýmsu tómstundir og fær kynningu á því sem í boði er á Akureyri. Veturinn 2018-2019 voru 14 strákar skráðir í klúbbinn og var mæting yfirleitt mjög góð.

Stelpukúbbur

Stelpuklúbburinn var stofnaður vorið 2018 út frá styrk sem starfsfólk sótti um og fékk fyrir klúbb fyrir stelpur með áhættuhegðun. Í klúbbnum er blanda af stelpum sem eru félagslega sterkar og stelpum sem standa illa félagslega, sem hafa þá annað hvort lítinn eða engan áhuga á félagsstarfi og svo stúlkum sem stunda félagsstarf eða æfa íþróttir. Klúbburinn hittist einu sinni í viku í Rósenborg í einn og hálfan til tvo tíma í senn. Markmið hópsins er að hvetja þær til að nýta frítíma sinn betur, komast yfir persónulegar hindranir og auka sjálfsöryggi.

Fimm stelpur voru skráðar í klúbbinn á haustönn og sjö stelpur á vorönn.

Búi

Félag er í samstarfi við Búsetudeild um klúbbastarf sem miðar að einstaklingum sem eiga inni umsókn um liðveislu hjá deildinni. Tilvísunarástæða er félagsleg einangrun og vanlíðan. Þátttakendur eru oft vinalausir, einangraðir og með verulega slaka félagsfærni, verða fyrir eða hafa orðið fyrir einelti, eru óvirkir í samfélaginu og óframfærnir, hafa lítið sjálfstraust og neikvæða sjálfsmynd. Hluti af þátttakendum er með kvíða og/eða þunglyndiseinkenni auk þroskaraskana. Skólaumhverfið er erfitt fyrir marga bæði námslega og félagslega. Geta þátttakendanna er því þannig að þeir geta ekki nýtt sér þátttöku í tómstundastarfi og öðru

sem þroskar einstaklinginn til jákvæðra félagslegra samskipta og heilsusamlegra lífs. Umsjón með starfinu í vetur hafa Arnar Geir og Arnar Már.

Meginmarkmið starfsins er að efla félagsþroska, sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd unglínganna. Náist markmiðin hefur það ótvírætt forvarnargildi, bæði hvað varðar neyslu vímugjafa og/eða þróun geðrænna erfiðleika síðar á ævinni. Auk þess dregur það úr félagslegri einangrun og eykur líkur á virkri þátttöku unglínganna í samfélaginu í framtíðinni. Dagskráin miðar að þörfum og getu þátttakenda. Búi hefur gengið ágætlega í vetur. Þátttakendur voru fimm talsins í upphafi en eru nú fjórir og hefur mæting verið með besta móti hjá þessum fjórum drengjum. Ánægja er meðal foreldra með starfið en meðal þess sem var gert var sundferð, kaffihúsaferð, gönguferðir auk skipulagðrar starfsemi innan Tróju.

VIP (Very Important People)

VIP klúbburinn hélt sínu striki og fór af stað aftur í september eftir sumarfrí. Klúbburinn er hugsaður fyrir börn sem þurfa á auknum stuðningi að halda vegna heimilisaðstæðna, kvíða/þunglyndis eða mikillar einangrunar frá öðrum börnum og umhverfinu. Þessi börn búa gjarnan við lélega sjálfsmynd og eru markmið klúbbsins að styrkja sjálfsmynd þeirra, leyfa þeim að prófa og upplifa nýja hluti og opna augu þeirra fyrir öllum þeim möguleikum sem þau hafa í lífinu. Auk þess sem það getur reynst þeim gífurlega mikilvægt að tilheyra hóp og í VIP finna þau öll stað fyrir sig.

Síðasta vetur voru þátttakendur 10 á aldrinum 12-14 ára en í haust var ákveðið að búa til eldri og yngri VIP. Eldri hópurinn samanstóð af börnum á aldrinum 8-9. bekk og voru 9 skráð í klúbbinn í upphafi. Áhugi þeirra var þó takmarkaður og eftir því sem tíminn leið heltist úr lestinni og að lokum fór það svo að klúbburinn var lagður af í nóvember.

Í yngri hópnum eru börn á aldrinum 10-12 ára og voru þau aðeins fjögur í upphafi. Fljótlega bættust þó tvö börn við og nú eru 6 börn í klúbbum.

Þessi klúbbur er hugsaður þannig að börnin fái að kynnast öllu því frábæra og skemmtilega sem í boði er, sem þarf ekki að vera nema í formi samveru við aðra krakka og fullorðna eða að gera eitthvað stærra og meira. Mörg fyrirtæki hafa lagt okkur lið og boðið þjónustu sína og með þeirra aðstoð höfum við haft tækifæri til að fara í bogfimi, átt notalega stund með pizzum og spilum og farið í okkar árlegu ferð í Hrísey, þar sem við hittum börn í Hrísey og börnin upplifa þetta gjarnan sem hápunkt vetrarins.

Umsjónarmenn klúbbsins eru Lóa og Orri, starfsmaður úr Ungmennahúsi.

Skólasmiðja

Skólasmiðja er úrræði sem unnið er í samvinnu við barnavernd, skóladeild, fjölskyldudeild og grunnskóla bæjarins. Starfshópur sem skipaður er fulltrúum þessara deilda hefur umsjón með starfinu, tekur við umsóknum og fylgist með gangi mála. Markmið Skólasmiðju er að mæta þeim nemendum sem glíma við mikinn skólaleiða, hafa litla skólasókn og hafa sótt önnur úrræði án árangurs. Skólar senda inn umsókn fyrir einstakling sem sækir þá sína skólagöngu í Rósenborg einn til þrjá daga í viku. Í stað hins hefðbundna skólaramma er frelsið í Rósenborg meira auk þess að meira næði gefst til náms og einstaklingsþjónustu. Starfsmaður Félak sinnir nemendanum og vinnur verkefni með honum, hver sem þau eru; hefðbundið nám úr skólanum eða önnur verkefni sem henta hverjum og einum. Markmiðin eru að mæta nemandanum þar sem hann er staddur, auka jákvæða upplifun með

fullorðnum, mynda traust tengsl og reyna að tengja nemandann öðrum hópum innan félagsmiðstöðvarinnar. Eins og gefur að skilja eru þátttakendur í erfiðri stöðu, námslegri og/eða félagslegri og er framgangur í málum því oft á tíðum á reiki.

Það er niðurstaða starfshóps Skólasmiðjunnar að flestir þeirra sem sóttu úrræðið líður betur, nýta sér starfið bæði innan sem utan Skólasmiðjunnar og eru í jákvæðri uppbyggingu. Nemendurnir eru á misjöfnum stöðum og fikra sig á sínum hraða upp þrepastigann sem útbúinn hefur verið fyrir Skólasmiðjuna og hafður er til hliðsjónar fyrir starfsfólk Félak og starfshóp úrræðisins um árangur nemandans. Þörfin er greinileg og úrræðið einsdæmi og færri komust að en sótt var um fyrir.

Í Skólasmiðju veturinn 2018 - 2019 voru 10 pláss líkt og árin á undan. Hins vegar var eftirspurn eftir þjónustu töluvert meiri en hægt var að anna. Á vorönn 2019 voru 14 börn skráð í smiðju og 6 börn á biðlista. Mikilvægt er að velja þeirri stöðu fyrir sér þar sem segja má að skólasmiðja sé lokaúrræði en til þess að eiga möguleika á að komast þangaði inn þarf að vera búíð að reyna nánast allt það sem grunnskóli og barnavernd geta boðið upp á. Fyrir hvern nemenda er skipað teymi sem í sitja fulltrúi úr skóla nemandans, starfsmaður barnaverndar og starfsmaður Félak. Teymið skiptist á upplýsingum um nemandann og vinnur þannig saman að betri líðan og árangri hans. Markmiðin eru misjöfn enda unnin út frá hverjum og einum nemanda. Í vetur hefur mikill árangur náðst með flesta unglunga sem notið hafa þessarar þjónustu og sterk tengsl myndast á milli unglings og starfsmanns Félak.

Vorið 2019 svöruðu átta unglingar í skólasmiðju spurningarlista um líðan og gengi vetrarins í skólasmiðju. Sex þeirra mættu einu sinni í viku en tvö þeirra tvisvar sinnum og mátu þau það heilt yfir sem mátulegan tíma. Helmingur unglunganna mættu á aðra viðburði á vegum Félak en hin fjögur nýttu sér ekki annað starf Félak. Þó kváðust þau hafa áhuga á að nýta sér það sem í boði væri og eru það hvetjandi niðurstöður fyrir starfsfólk skólasmiðju og áhersluauki fyrir komandi vetur, að aðstoða þau frekar við að komast inn í almennt starf Félak.

Unglingarnir kváðust allir finna fyrir öryggi á meðan á skólasmiðju stæði, að þeim liði vel og sum þeirra fundu fyrir ró og töluðu um að vera laus við „pressu“. Þau virtust að mestu átta sig á ástæðum þess að þau væru í skólasmiðju, oftast var það að þeirra sögn vegna slakrar mætingar í skólann, að þau hefðu ekki verið að nýta tímann í skólanum eða að þeim hefði ekki liðið vel og hefðu þurft smá „push“ til að koma sér í gang. Þau kváðu áhrif skólasmiðju á líf þeirra vera af ýmsum toga, á meðan sumir litu á það sem kærkomna pásu frá skólanum þá voru aðrir sem litu á það sem hvatningu til að mæta í skólann og einn unglingurinn orðaði það svo „...það hjálpar mér að díla við vikuna með því að byrja vikuna á skólasmiðju. Og gefur mér að borða oftast“. Einn unglingurinn sagði kosti skólasmiðju vera þá að „...smiðjan leyfir mér að tala án þess að það sé að dæma mig og það er gefið mér ráð um hvernig maður eignast vini og tala við fólk“.

Aðspurð finnst þeim smiðjan uppfylla þær þarfir eða væntingar sem þau hafa til úrræðisins, einn unglingur segir til að mynda að smiðjan hjálpi sér að takast á við kvíða með því að gefa honum eitthvað að hlakka til.

Þess má geta að unglingarnir hafa ólíkar þarfir, á meðan sumir hafa helstan áhuga á að losna við skólann og nýta tímann sem slíkan eru aðrir sem hafa aukið sjálfsmynd sína með tíma í líkamsrækt og enn aðrir vilja helst af öllu nýta tímann í að keyra um og spjalla. Þau eiga það þó flest öll sameiginlegt að þeim líkar vel að vera gefinn matur á meðan á smiðju stendur. Niðurstöður þessarar könnunar eru áþekkar könnunar sem lögð var fyrir nemendur í skólasmiðju vor 2016.

Persónuleg ráðgjöf

Starfsfólk Félak sinnir ýmsum störfum þar á meðal persónulegri ráðgjöf. Misjafnt er hvort unglíngurinn sjálfur, foreldrar, starfmaður skóla eða félagsmiðstöðva eigi frumkvæði að samtali og frekari ráðgjöf. Vandamálín geta verið af ýmsum toga, svo sem samskiptavandi á heimili eða í skóla, persónuleg vandamál, neysla eða andleg vanlíðan. Ef ástæða þykir til hefur starfsfólk samband við barnavernd. Forvarna- og félagsmálaráðgjafar vinna í nánú samstarfi við námsráðgjafa, stjórnendur og kennara skólanna til að fylgjast með þeim sem eru óvirkir eða sýna einkenni depurðar. Síðustu misseri hefur persónuleg ráðgjöf því stórauðist og aðgengi unglínganna að starfsmönnum aukist í kjölfarið. Sér í lagi vegna samfélagsmiðla sem bjóða upp á að hægt sé að hafa samband hvar sem er og hvenær sem er.

Hópefli 6. bekkur

Hópefli hefur verið fyrir 6. bekk í skóla á Akureyri vegna samskiptaörðuleika og eineltis sem hefur viðgengist lengi. Ákveðið var að fara í þetta verkefni eftir að ósk um það barst frá skólanum. Hópeflið er á dagskrá á skólatíma eða á mánudögum frá 10:00 - 12:00. Tveir bekkir eru í 6. bekk og fá þeir hvor um sig klukkutíma. Í þessum tímum hefur verið umræða um einelti, hóparnir farið í hópeflisleiki og kahoot, klípusögur og aðra fjölbreytta leiki til að brjóta upp hefðbundið hópefli. Staðan á þessu máli var tekin fyrir á fundi eftir áramót og kom þá ljós að staðan í bekknum var betri. Ákveðið var að halda ekki áfram með hópefli að svo stöðu.

Lokaorð Félak

Þegar litið er til starfsársins má sjá að helstu áherslur eru, líkt og fyrri ár, þátttaka barna og unglunga í öllu starfi Félak, opnu og sértæku. Metnaður starfsfólks til að sinna starfi sínu af fagmennsku og festu er greinilegur og sífellt aukin áhersla á að meta starfið. Á næstu árum er því hægt að greina betur hvað má betur fara, hverjar hindranir barna og unglunga eru til að taka þátt í starfinu og hvernig við getum komið til móts við sem flesta. Sá áfangi sem fékkst með því að fá samþykki fyrir notkun frístundastyrks í stærri viðburðum Félak, Samfesting og Landsmót Samfés, styrkir enn og aftur starfið og getu unglunga til að taka þátt í starfinu óháð efnahagslegri stöðu. Miðstigsstarf Félak heldur áfram að vaxa ár frá ári. Til að stuðla að enn frekari uppbyggingu standa vonir til að hægt sé að auka við fjórða stöðugildi sérfræðings í hópastarfi og tryggja þannig börnum á miðstigsaldri jafna þjónustu alls staðar í bænum.

Markmið Félak veturinn 2019-2020 er að stofna rafíþróttadeild innan sinna vébanda og auka þannig framboð barna og unglunga til frístundastarfs sem þó þegar er mjög gott á Akureyri. Með rafíþróttum væri hægt að stuðla að jákvæðri félagslegri uppbyggingu barna og unglunga með því að finna áhugamáli þeirra, tölvuleikjaspilun, farveg. Erindi vegna rafíþróttadeildar hefur verið sent til frístundaráðs.

Það er einnig ætlun Félak að biðla til deildarstjóra íþróttadeildar og frístundaráðs um að fá að nýta íþróttahúsin, amk. einn fastan tíma í viku.

Aðsóknartölur Félak

Rétt er að nefna að flókið er að vera með mjög nákvæmar þátttökutölur þegar um svo opna og dreifða starfsemi er að ræða.

Sértækt og viðburðir	Strákar	Stelpur	Samtals
Sam.viðburðir -miðstig	186	208	394
Sértækt á miðstigi	640	712	1352
Sam. viðburðir - unglinga	226	431	657
Sértækt á unglिंगastigi	192	96	288
Smiðjur	339	74	413
Sumarklúbbar miðstigs	16	68	84
Samtals	1599	1589	3188

Félak - 2018-2019	Strákar	Stelpur	Samtals
Opin hús	3879	4814	8693
Opin hús miðstig	932	976	1908
Félagsmálafræði	1145	1555	2700
Klúbbakvöld	145	99	244
Úr sértækri töflu	736	822	1558
Samtals	6837	8266	15103

Persónuleg ráðgjöf	Einstakl.
Haust:	8
Vor:	11
Samtals	19

Samvera foreldra og unglunga hefur minnkað

Forvarnadagurinn var haldinn 3. október síðastliðinn í flestum skólum landsins. Á forvarnadeginum var sjónum beint að nemendum fædd árið 2004 og ganga nú í 9. bekk grunnskóla. Á Akureyri bauðst nemendum í 9. bekk og foreldrum þeirra að taka þátt í netkönnun um forvarnir sem þau fengu senda rafrænt heim. Óskað var eftir því að foreldrar og unglingur þeirra svöruðu könnuninni í sameiningu og var svarhlutfall 23%.

Með könnuninni eru foreldrar og unglingur hvött til að ræða saman m.a. um samveru fjölskyldunnar, fíkniefni, svefn og neyslu orkudrykkja. Þátttakendur gátu svo unnið verðlaun fyrir þátttöku sína og í boði voru flottir vinningar fyrir fjölskylduna sem stuðla að samveru og skemmtun.

Margt áhugavert má lesa úr niðurstöðum könnuninnar og sér í lagi þegar þær eru skoðaðar og bornar saman við niðurstöður könnunar Rannsóknar og greiningar sem lögð var fyrir alla nemendur árgangsins í febrúar 2018. Rannsókn sú nefnist Ungt fólk og hefur verið framkvæmd árlega síðustu 20 árin og gefur góða vísbendingu um stöðu ungs fólks á Íslandi.

Svefn unglunga og neysla orkudrykkja

Svefn er öllum nauðsynlegur en í svefni fer meðal annars fram upprifjun og úrvinnsla upplýsinga og hefur hann því áhrif á námsgetu og minni. Samkvæmt Embætti landlæknis þurfa unglingar samtals um 10 tíma svefn á nóttu sem er meiri svefnþörf en börn á yngri stigum grunnskóla hafa sem eru níu tímar. Ástæður þess er aukið álag á líkama þeirra, vöxtur og þroski vegna gelgjuskeiðsins. Flestir þátttakendur telja að unglingar í 9. bekk þurfi um 9 klst. á sólahring í svefn en samkvæmt niðurstöðum Rannsóknar og greiningar sofa um 60% unglunga í 9. bekk á Akureyri undir 9 klst á sólahring. Að sama skapi telja 99% foreldra í sömu rannsókn að þeirra unglingur eyði ekki pening í orkudrykki en samkvæmt niðurstöðum Rannsóknar og greiningar frá því í febrúar sögðust um 22% unglunga í þessum árgangi á Akureyri drekka orkudrykki daglega. Af því leiðir að foreldrar íhugi hvort svefnhegðun og neysla orkudrykkja þeirra unglings fari saman og hafa skal í huga að margir unglingar fara leynt með neyslu sína á orkudrykkjum. Annars virðast unglingar á Akureyri vera mun hlynntari neyslu orkudrykkja en aðrir unglingar á landinu en í könnuninni Ungt fólk kemur fram að 30% þeirra drekki orkudrykk daglega en að landsmeðaltalið sé um 10%.

Notkun, viðhorf og aðgengi að vímugjöfum

Aðspurð á forvarnadaginn telja 96.6% þátttakenda, foreldrar og unglingar, að veip sé skaðlegt. Unglingar fædd árið 2004 virðast hinsvegar fíka við notkun veips eins og aðrir unglingar á landinu og í febrúar 2018 höfðu 13% þeirra prufað að veipa. Rannsóknin Ungt fólk sýnir að undir lok grunnskóla eru um 15% unglunga farinn að veipa reglulega. Það er vert að velta því fyrir sér hve mikil umræðan um skaðsemi annarra ávanabindandi hegðunar en reykinga sé, því samfara minnkandi reykingum unglunga síðustu tvo áratugi hefur neysla á veipi aukist.

Misnotkun lyfseðilsskyldra lyfja hefur aukist gífurlega undanfarin misseri og er aðgengi að slíkum lyfjum umhugsunarefni. Í könnun forvarnadagsins kom í ljós að á 32% heimila unglunga fæddra árið 2004 á Akureyri séu lyfseðilskyld lyf ekki geymd á öruggum stað þar sem börn og unglingar ná ekki til.

Samvera unglunga og foreldra

Aldrei er góð vísa of oft kveðin og við höfum líklegast öll heyrt að ein áhrifaríkasta forvörnin gegn áhættuhegðun sé samvera foreldra og barna. Unglingar á Akureyri greina frá því í rannsókninni Ungt fólk að foreldrar þeirra veiti þeim hlutfallslega góðan stuðning og eftirlit og að þau viti hvaða hegðun sé leyfileg þegar þau eru utan heimilis og að foreldrar þeirra séu almennt meðvituð um hvar þeir séu. Hinsvegar kemur í ljós að samvera foreldra og unglunga hefur minnkað frá því árið 2016 og eru foreldrar á Akureyri minna með börnum sínum en aðrir á landsvísu.

Heilt yfir

Segja má að vegna góðs gengis í forvarnamálum og samtakamáttar foreldra síðustu áratugi höfum við sofnað á verðinum síðustu ár. Hið íslenska módel sem talað er um og horft til erlendis frá hefur skilað miklum árangri en í fyrsta sinn í þó nokkurn tíma verðum við vör við drykkju unglunga í grunnskólaaldri og eftirlitslaus partý í heimahúsum. Það er okkar að aðstoða þau við að taka góðar ákvarðanir. Af gefnu tilefni er vert að minnast þess að okkur er skylt að tilkynna til viðeigandi aðila, barnaverndar, lögreglu og/eða skóla ef við höfum áhyggjur af velferð barna og unglunga.

Forvarna- og félagsmálaráðgjafar Akureyrar

Orkulitlir unglingar á Akureyri?

Sala orkudrykkja á Íslandi hefur farið upp úr öllu valdi. Árið 2017 seldust tæplega 5,2 milljónir 330 ml dósa af vinsælustu orkudrykkjunum á Íslandi. Haft hefur verið eftir forsvarsmanni heildverslunarinnar Core sem flytur inn Nocco að “við eigum klárlega heimsmet í drykkju á Nocco ef miðað er við höfðatölu”.

Rannsóknin Ungt fólk sem framkvæmd hefur verið árlega síðustu tvo áratug af Rannsóknarmiðstöðinni Rannsókn og greining sýnir okkur að unglingar á Akureyri drekka mun meira af orkudrykkjum en jafnaldrar þeirra annars staðar á landinu. Þar kemur fram að 30% þeirra drekka orkudrykk daglega en landsmeðaltalið er um 10%. Vert er að taka það fram að 48% unglunga fædd árið 2001 á Akureyri segjast drekka einn eða fleiri orkudrykki á dag en landsmeðaltalið meðal jafnaldra þeirra er 14%. Til samanburðar sýna rannsóknir okkur að árið 2014 sögðust aðeins um 5% unglunga í 10. bekk drekka orkudrykki í einhverjum mæli.

Rannsóknin Ungt fólk sýnir einnig að unglingarnir okkar eru að sofa mun minna en þeim er hollt. Það samhliða niðurstöðum þess efnis að unglingar á Akureyri eru að drekka mun meira af orkudrykkjum en jafnaldrar þeirra annars staðar á landinu eru niðurstöður sem við sem bæjarfélag þurfum að taka mark á og skoða.

Hvað orkudrykki varðar voru þeir á fyrstu árunum markaðssettir fyrir íþróttafólk en nú er markaðsetningin að miklu miðuð að unglingum og staðsetning drykkjanna í búðum til þess fallin að það fari ekki framhjá neinum að orkudrykkir séu þar til sölu. Umbúðirnar eru oftast en ekki litskrúðugar og drykkirnir líta sakleysislega og skemmtilega út, allt gert til að heilla og selja okkur þá hugmynd að við þurfum auka orku til að komast í gegnum daginn. Þá er bara ein spurning eftir.

Hvers vegna ertu að drekka orkudrykk?

Þarftu auka orku eða þarftu bara að sofa aðeins meira, borða örlítið hollar og finna jafnvægi í hreyfingu því á meðan sumir eru að reyna of mikið á líkamann eru aðrir sem stunda enga hreyfingu sem orsakar slen og kraftleysi. Hjálpum unglingunum okkar að finna þetta jafnvægi og lítum á sama tíma í eigin barm.

Til stendur að boða til Málþings um forvarnir og velferð unglunga og barna 23. janúar 2019 sem verður nánar auglýst síðar.

Forvarna- og félagsmálaráðgjafar Akureyrar

Hvaðan fær barnið þitt kynfræðslu?

Áhugi á kynlífi á unglingsaldri er fullkomlega eðlilegur hlutur. Áður en að fyrstu skrefin eru stigin með öðrum aðila er eðlilegt að leita sér upplýsinga um kynlíf, hvernig það lítur út, hvernig á að haga sér í kynlífi og hvers má vænta. En hvaðan fá unglingarnir okkar þær upplýsingar? Þeir leita á sama stað og við leitum öll að upplýsingum sem okkur vantar, á netinu. Þar finna þeir alls konar efni og það er nóg af efni því fyrir hverja heimasíðu um annað efni en klámefni eru fimm klámsíður. Rannsóknir sýna að meðalaldur barna þegar þau sjá fyrst klám er 11 ára. Sömuleiðis horfa strákar fyrr á klám en stelpur og í meira mæli. Staðreyndin er sú að íslenskir drengir eiga Norðurlandamet í klámáhorfi.

Efnið er þarna úti og unglingarnir okkar eru að horfa á það. Besta leiðin til að sporna gegn þeim áhrifum sem klámið hefur á kynlíf unglunga er að ræða það við þau opinskátt, fyrr en seinna og oftast en sjaldnar. Unglingar sem fá fræðslu frá foreldrum sínum um kynlíf leiðir til þess að þeir stunda frekar kynlíf á eigin forsendum þegar þau eru tilbúin til þess og hafa löngun til þess. Það stuðlar að því að þeir eru betur í stakk búnir til að setja mörk í kynlífi og stunda öruggt og heilbrigt kynlíf.

Sú hefð hefur myndast að Sigga Dögg, kynfræðingur, sækir okkur Akureyringa heim á hverju ári og ræðir við nemendur í 8. bekk í öllum skólum sveitarfélagsins. Auk þess heldur hún fyrirlestur fyrir foreldra þar sem hún fer yfir það sem hún ræðir við unglunga og gefur góð ráð um opinská og góð samskipti unglunga og foreldra um kynlíf, mörk og öryggi í kynlífi. Sigga Dögg ræðir við unglunga um að kynnast sjálfum sér, stunda sjálfsfröun og kunna á eigin líkama áður en að honum er deilt með öðrum. Hún talar fyrir mikilvægi þess að þegar fólk stundar kynlíf þurfi að eiga sér stað samskipti á meðan og að það eigi að spyrja hvort annað hvort allt sé í lagi, hvort það megi halda áfram og hvort það sé gott. Hún talar um öruggt kynlíf og er smokkurinn þar efstur á lista. Foreldrar sjá almennt til þess að barnið þeirra sé rétt útbúið fyrir tómsundur hverju sinni og ætti kynlíf ekki að vera undanskilið því.

Setjum okkar í spor unglingsins. Hann ætlar sér að stunda kynlíf í fyrsta skipti og þarf að kaupa smokk. Hann þarf að fara í búð eða apótek þar sem hann getur rekist á hvern sem er sem sér í hvaða leiðangri hann er. Ef unglingurinn kemst alla leið með smokkþakann að afgreiðsluborðinu þarf að greiða fyrir herlegheitin og eiga samskipti við afgreiðslufólkið sem er oft jafnaldri og að kaupum loknum er hann jafnvel kvaddur með orðunum “góða skemmtun”.

Kaupum smokka fyrir unglunga okkar, kaupum nóg af þeim, geymum á aðgengilegum stað og fyllum á áður en birgðirnar klárast. Ræðum við þau um kynlíf, klám og virðingu fyrir okkur sjálfum og öðrum í kynlífi. Virðing fyrir eigin mörkum og annarra er umræðuefni fyrir Samfesting, viðburð sem 4500 unglingar alls staðar af landinu taka þátt í. Nánari upplýsingar eru á sjukast.is

Forvarna- og félagsmálaráðgjafar Akureyrar

#akureyrierokkar



EVROPSK UNGMENNAVIKA



EVROPSK UNGMENNAVIKA



EVROPSK UNGMENNAVIKA

